

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 70 í stjórn Herjólfss ehf., haldinn 7. nóvember kl. 10:00

á skrifstofu Hugins ehf., Ægisgötu 2.

Mættir voru: Agnes Einarsdóttir, Aníta Jóhannsdóttir, Arnar Pétursson, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Birna Vído Þórsdóttir, Guðlaugur Friðþórsson, Páll Þór Guðmundsson. Guðbjartur Ellert Jónsson framkvæmdastjóri sat fund gegnum síma.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Á dagskrá fundarins voru þrjú dagskrárliðir:

1. **Svar frá Vegagerðinni við endanlegri tillögu stjórnar að samningi.**

Fulltrúar viðræðunefndar lögðu fram endanlegar tillögur um samning við Vegagerðina. Niðurstaðan er sú að Vegagerðin samþykkir að gera samning við Herjólf ehf. um rekstur ferjunnar út árið 2023.

Niðurstaða:

Samþykkt samhljóða að ganga til samninga við Vegagerðina skv. tillögum stjórnar

2. **Starfsmannamál.**

Fært í sérstaka trúnaðarfundargerð sem fylgir fundargerð þessari.

3. **Önnur mál.**

Engin önnur mál.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 10. nóvember nk.

Ekki annað rætt.

Fundi slitið kl. 12:45.

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir.